

BORGARRÁÐ 24. janúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um mismun í fjölda íbúða í uppbyggingu - R19010307

Í niðurstöðum átakshóps um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði, kemur fram að samkvæmt tölum Reykjavíkurborgar frá því í desember 2018, séu 3.325 íbúðir í byggingu á kjarna- og vaxtarsvæðum en á vef Reykjavíkurborgar kemur fram súlurit sem tilgreinir að fjöldi hafinna bygginga á árinu 2018 hafi verið áætlaður 1.330. Út frá því má draga þá ályktun að talan 1.330 vísi til þeirra íbúða sem fóru í byggingu á árinu 2018 og að vel gæti verið að aðrar íbúðir frá fyrri árum séu einnig í byggingu. Fyrir neðan það súlurit sem má finna á vef Reykjavíkurborgar, stendur hinsvegar að þessi fjöldi vísi til fjölda íbúða í byggingu og mætti því skilja það sem heildarfjölda allra íbúða sem voru í byggingu á árinu 2018. Hvort voru 1.330 íbúðir í byggingu eða 3.325 íbúðir í byggingu árið 2018? Hver er formleg skilgreining Reykjavíkurborgar á íbúðum í byggingu? Í almennu tali vísar íbúð í byggingu til þess að búið sé að grafa grunn eða að byggingarframkvæmdir séu hafnar. Tekur Reykjavíkurborg einnig aðra þætti inn í skilgreininguna á fjölda íbúða í uppbyggingu, líkt og samþykkt deiliskipulag og útgefin byggingarleyfi?